

43  
14. júní

## L Ö G

um

### breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörrum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

#### 7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfestingu hafnarreglugerða, að sett séu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sé kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Nú verður farartálmi, t. d. sekkur skip á löggiltri höfn eða á almenri siglingaleið. Skal þá hafnarnefnd eða, ef hún er engin, hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varnar frekari slysum, svo sem með því að tilkynna ráðuneytinu atburðinn, merkja staðinn, nema farartálmann burt eða gera hann óskaðlegan. Skal þetta fram fara eins fljótt og unnt er. Staðinn skal merkja í samræmi við allsherjarreglur og í samráði við vitamálastjóra. Kostnaðinn við þessa merkingu greiðir hafnarsjóður, þegar farartálminn er á hafnarsvæðinu eða á leið þangað, en ef farartálminn er þar fyrir utan, svo og ef hafnarsjóður er enginn, kostar ríkissjóður merkinguna.

Nú vanrækir hafnarnefnd að merkja farartálma, þar sem henni ber að gera það, og lætur þá ráðuneytið framkvæma merkinguna á kostnað hafnarsjóðs.

Farartálma skal nema burt eða gera óskaðlegan eins fljótt og unnt er, og skal hreppstjóri eða hafnarnefnd sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið.

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema burt farartálma, greiðir hafnarsjóður að því leyti, sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það kunna að gilda á hverjum tíma, þó ekki hærrí upphæð en 500 kr. Verði nettó-kostnaður meiri en þeirri upphæð nemur, greiðist það, sem umfram er, að  $\frac{2}{3}$  hlutum úr ríkissjóði og  $\frac{1}{3}$  hluta úr hafnarsjóði. Þó má kostnaðarhluti hafnarsjóðs aldrei nema meiru en  $\frac{1}{4}$  hluta af þess árs tekjum hans. Reynist svo, greiðist það, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði, enda

hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir **43**  
eftirliti trúnaðarmanns af hennar hendi. 14. júní

Nú vanrækir hafnarnefnd að eyða farartálmanum, og lætur þá ráðuneytið framkvæma verkið, en kostaðurinn við það greiðist eftir sömu reglum og að framan greinir. Verði ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða hafnarleiða, sker ráðuneytið úr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*

## L Ö G

um

**44**

14. júní

**breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldareinkasala Íslands hefir einkasölu á allri síld, sem er söltuð, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings á Íslandi, svo og á allri síld, sem veidd er til útflutnings af íslenzkum skipum hér við land, hvort heldur innan eða utan landhelgi, eða verkuð í íslenzkri landhelgi. Heimilt er þó íslenzkum verksmiðjum að selja til útlanda síld, lagða í olíu eða krydd í loftþéttum dósum, sem rúma ekki yfir 5 kg. hver.

Heimilt er framkvæmdarstjórn síldareinkasölnunnar að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölnni ferska síld til söltunar, þar sem því verður við komið, ef framkvæmdarstjórn telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sé síldin útflutn-